



Ungmennafing SSNE 2023

Niðurstöðuskýrsla

Febrúar 2024

Nanna Steina Höskuldsdóttir nanna@ssne.is

Anna Lind Björnsdóttir annalind@ssne.is

Hildur Halldórsdóttir hildur@ssne.is

Inngangur

Inngangur.....	3
Dagskrá.....	4
Undirbúningur Ungmennafélags.....	5
Þátttakendur.....	5
Framkvæmd viðburðar.....	6
Lærdómur.....	14
Kostnaður.....	15
Næsta þing.....	15
Viðauki eitt: Erindi til stjórnar SSNE og undirbúningshóp næstu Sónaráætlunar.....	16
Viðauki tvö: Niðurstöður úr ánægjukönnun starfsmanna.....	21
Viðauki þrjú: Ókeypis verkfæri fyrir kvikmyndagerðarfólk.....	25

Inngangur

Ungmennanæping SSNE 2023 var fjármagnað sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Þema þingsins í ár var **Menning og skapandi greinar**.

Á ársþingi SSNE 2021 var samþykkt að stjórn SSNE myndi skoða möguleikann á að auka samtalið við ungt fólk í landshlutanum og að kallað yrði eftir skoðunum þeirra og hagsmunum, m.a. með stofnun ungmennaráðs. Það var mat starfsfólks sveitarfélaganna að fýsilegri kostur væri að hvert sveitarfélag stæði að ungmennaráði fyrir sitt svæði, en að SSNE héldi sameiginlegt ungmennanæping árlega fyrir öll ungmennaráðin. Á slíku ungmennanæpingi væri skapaður góður vettvangur fyrir ungmenni að ræða sameiginleg málefni og hagsmuni. Út frá þeirri hugmyndafræði hefur ungmennanæping verið unnið síðustu þrjú ár.

Árlegt ungmennanæping SSNE er liður í því að auka tengingu og samvinnu ungmenna innan landshlutans, auk þess að valdefla ungmennin. Með ungmennanæpingunum má sækja í auknum mæli skoðanir og reynslu ungmenna þvert á sveitarfélög og stuðla að því að þau kynnist innbyrðis. Vettvangurinn hefur líka reynst ákaflega dýrmætur fyrir starfsfólk í málaflokknum innan sveitarfélaganna og ekki síður fyrir starfsfólk SSNE að kynna stjórnarsýslu og verkefni SSNE.

Ungmennafélag SSNE haldið á Raufarhöfn 2023

Hefst: þriðjudag 21. nóvember kl. 12:00

Lýkur: Miðvikudag 22. nóvember kl. 13:15

Þema þingsins er menning og skapandi greinar

Dagskrá:

Þriðjudagur 21. nóvember

12:00-12:45 Þingsetning og samhringingur - Hnitbjörg félagsheimili

12:45-13:15 Hádegishlé - Hnitbjörg félagsheimili

13:15-14:45 HópaVinna - Skapandi stoðir og nágrannar

14:45-15:00 Kaffipása - Siglógóss, grænmeti og ávextir

15:00-17:00 Gönguferð - íþróttahús - sund

17:15-18:00 Vinnustofa: Alþjóðlegur kvikmyndaiðnaður á Íslandi og skapandi viðburðarhald

18:00-18:45 Matur á Hótel Norðurljós

18:45-21:00 Vinnustofa: Alþjóðlegur kvikmyndaiðnaður á Íslandi og skapandi viðburðarhald áframhald

Miðvikudagur 22. nóvember

7:00-8:40 Morgunmatur á Hótel Norðurljós, öll borða þar sama hvar er gisti

8:45-9:45 HópaVinna út frá vinnustofu

9:45-10:00 Kynning - Menningarhluti Sóknaráætlunar SSNE

10:00-10:15 Kaffipása - Siglógóss, grænmeti og ávextir

10:15-10:45 HópaVinna - Langanir og hugmyndaflæði, vöndar hugmyndir og góðar

10:45-11:00 Nýtt upphaf

11:00-11:15 Vinnustofa - draumamarkmið

11:15-11:45 Frá ungmennafélagi til stjórnar/samráðsvettvangs

11:45-12:30 Samantekt, endurgjöf og formlegt slutt

12:30-13:15 Hádegismatur í félagsheimilinu Hnitbjörg

13:15-13:30 Brottför frá Raufarhöfn

Undirbúningur Ungmennafings

Anna Lind Björnsdóttir, Hildur Halldórsdóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir verkefnastjórar SSNE tóku að sér verkefnastjórn í góðri samvinnu við sveitarfélögin. Drög að þema, staðsetningu og dagsetningu þingsins 2023 voru lögð í kjölfar Ungmennafings 2022. Ákveðið var að Ungmennafingið yrði dagana 11. og 12. október 2023 í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Þemað *menning og skapandi greinar* var valið sem viðfangsefni ársins út frá niðurstöðum þingsins 2022 á þekkingu ungmenna á málaflokknum innan Sóknaráætlunar.

Fyrsti skipulagsfundur með fulltrúum sveitarfélaganna var 4. maí 2023. Í framhaldinu voru haldnir mánaðarlegir Teams skipulagsfundir með starfsfólki sveitarfélaga sem fara með málefni ungmennaráða þar til í september, en þá voru fundir haldnir fundir aðra hverja viku, auk samtala við einstaka starfsmenn. Einn fundur var haldinn með fulltrúum ungmenna frá sveitarfélögum, til að fá fram þeirra sjónarmið við mótun á dagskrá, sem var mikilvægt innlegg. Þeim var bæði gefinn kostur á að ræða málin og að leggja til sínar hugmyndir í gegnum forritið MENTI. Verkefnastjórar SSNE héldu utan um praktísk atriði með aðstoð frá starfsfólki sveitarfélaganna. Haldið var utan um vinnuna á Teams svæði SSNE undir rásinni Ungmennaráð 2023. Rásin er aðgengileg fulltrúum sveitarfélaganna. Starfsfólk sveitarfélaganna sá líkt og áður um þann lið að koma ungmennum til þingstaðar. Sum tóku sig saman og leigðu rútu og önnur komu á bílum. Almenn ánægja var meðal fulltrúanna að sameinast í rútu og lögðu til að skoða þann möguleika aftur að ári.

Vegna slæmrar veðurspár var ákveðið að fresta þinginu til 21. og 22. nóvember og var þingið haldið þá.

Þátttakendur

Ákveðið var að þrjú til fimm þátttakendur gætu komið frá hverju sveitarfélagi fyrir sig og starfsmaður með hverjum hópi. Starfsfólk sveitarfélaganna sá um að afla þátttakenda og leituðu þau fyrst til sinna ungmennaráða, þar sem þau eru virk. Það er misjafnt hversu virk ungmennaráðin eru milli sveitarfélaga. Sum sveitarfélögin eru enn í þeirri vinnu að mynda ráð eða endurvekja, á meðan önnur eru með virka starfsemi ungmennaráða. Þau sveitarfélög sem ekki voru með virk ungmennaráð fengu frjálsar hendur með hvernig þau völdu þátttakendur.



Öll sveitarfélögin voru komin með góðan hóp fulltrúa ungmenna til að mæta á þingið, en eitt sveitarfélag datt út þar sem dagsetningin sem varð fyrir valinu eftir veðurfrestun, hentaði ekki. Þátttakendur voru 32 talsins á aldrinum 13 til 19 ára. Starfsmenn voru 11 talsins, 9 frá sveitarfélögum og verkefnastjórar SSNE, þær Hildur og Nanna Steina.



Framkvæmd viðburðar



Þema þingsins var *menning og skapandi greinar*. Þemað var valið með hliðsjón af samtali við ungmennin á þinginu 2022, en val á áherslum innan geirans fór fram á undirbúningsfundi með fulltrúum ungmenna vorið 2023.

Markmið dagskrárinnar var að kynna fyrir ungmennunum ýmsa kima menningar og skapandi greina og hvernig þeir angar **hafa áhrif á þeirra samfélög og daglegt líf**. Innlegg starfsfólks SSNE voru m.a. unnin út frá skilgreiningum [Höllu](#)

[Helgadóttur framkvæmdastjóra Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs](#) þar sem *listir og sköpun eru settar fram sem auðlind og menning afurðin sem þær gefa af sér til samfélagsins. Þá eru skapandi greinar samheiti yfir listir, sköpun, hugverk, menningu, atvinnu- og viðskiptalíf sem af þeim skapast.*

Ásamt því að kynnast ákveðnu þema frá ólíkum hliðum er mikilvægt markmið þingsins að mynda tengslanet milli ungmenna bæjarkjarna landslutans, kynna þau fyrir sameiginlegum verkefnum svæðisins og, síðast en ekki síst, að valdefla þau og kalla eftir sjónarmiðum þeirra inn í Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Þetta var gert í gegnum menningarþátt Sóknaráætlunar á þessu þingi. Ungmennunum var jafnframt sýnt hvar og hvernig þau geta haft áhrif í eigin samfélagi og þau hvött til að taka sér pláss og hafa hugrekki til að hafa áhrif á stjórnsýsluna og senda erindi bæði til sveitastjórna og stjórnar SSNE og láta rödd sína heyrast. Var það gert í gegnum bæði æfingar sem reyna á að fara út fyrir kassann og hefðbundinn þægindaramma, og með þankahriðaæfingum. Þá var samráðsvettvangur Sóknaráætlunar jafnframt kynntur.




1. **Þingsetning.** Hildur og Nanna Steina settu þingið þar sem tilurð þemans var kynnt, ásamt örstuttri kveikju þar sem **tilvist og tilgangur Sóknaráætlunar** var kynnt með því að líkja henni saman við námskrá grunnskóla. Þá var farið yfir mikilvægi þess að ólíkar skoðanir fái að koma fram, að spyrja fjölbreytta spurninga upphátt og að vísar að hugmyndum fái að spreyta sig – í þeim tilgangi að skoða málefni frá ólíkum hliðum. Að það þurfi ólík hjól til að láta vélar snúast. Voru ungmennin og leiðbeinendur beðin um að hafa **virðingu** fyrir hvert öðru að leiðarljósi, **hugrekki** til að spreyta sig og **ástríðu** fyrir málefninu til að ná fram árangri.



2. **Samhristingur.** Gísli Rúnar Gylfason, íþrótt- og tólmstundafulltrúi Dalvíkurbyggðar stýrði því næst mikilvægum **samhristingi** hópsins þar sem fyrstu skref að tengslamyndun voru lögð, sem og þjálfun í að **láta rödd sína heyrast**. Í beinu framhaldi var hádegismatur í öðrum sal í félagsheimilinu.
3. **Nágrannar.** Eftir matinn var áfram unnið í gegnum leiki með það að fara út fyrir þægindarammann og kynnast ungmennum og starfsfólki frá öðrum sveitarfélögum en sínu eigin. Enda mikilvægur forleikur að gagnlegu samtali og samstarfi. Ungmenni og starfsfólk tók þátt í bæði æfingum og hraðstefnumóti sem starfsfólk SSNE leiddi undir þessum lið.

4. **Sæti ungmenna við ákvarðanaborðið.** Þriðja dagskrárlið lauk með því að ungmenninum var skipt upp í sex hópa og hófst næsti liður á því að sitja saman í hóp. Starfsfólk SSNE lagði inn hugvekju undir formerkjunum „Af hverju erum við hér í dag?“ og fór yfir samsetningu samfélaga, mótun stefnu og markmiða, hvernig þátttakendur geti stráð fræjum að verkefnum sveitarfélaga og markmiðum Sóknaráætlunar og hvernig starfsfólk SSNE muni koma þeim til skila. Til að sýna þátttakendum hvernig þeirra framlag til þingsins gæti skilað árangri, var farið yfir nokkrar tillögur og verkefni ungmennaráða um allt land sem skilað höfðu árangri. Svo sem bætta tímaáætlanir strætó, stofnun æskulýðssjóðs, hvernig tekið er á móti flóttafólki, uppsetning á frisbígolfvelli, spornað við plastpokanotkun og fleira.



5. **Nágrannar – fræðsla í gegnum leik.** Næsta skref var að kanna hversu vel ungmenni þekktu



tilgang landshlutasamtaka og starfssvæði SSNE, *því til að hafa áhrif þarf að vita hvaða svæði man tilheyrir.* Farið var í nokkra leiki þar sem hóparnir unnu saman og þurftu að standa upp og hreyfa sig til að skila hugmyndum sínum á stór kort af landsvæðinu sem héngu öll í röð. Niðurstaða þessa verkhluta voru þær að almennt var vitneskja um heiti sveitarfélaga á Norðurlandi eystra ekki góð og vitneskja um heiti byggðakjarna og hvaða sveitarfélagi þau tilheyra léleg. Enda var síðasti liðurinn í leiknum þar sem

„stela“ mátti upplýsingum af kortum hinna liðanna afar vel nýttur og útkoman á endanum fyrir hvern hóp ágæt.

6. **Skapandi stoðir – innlegg og innblástur.** Innleggið hófst á því að kanna hvaða greinar



ungmenni gátu talið upp undir *menning og aðrar skapandi greinar*. Þá voru þær hugmyndir bornar saman við aðrar skilgreiningar. Tæpt var á tilurð og tilgangi Hagstofu Íslands til að tengja atvinnugreinar við fjármagn sem atvinnuflokkar skila í stærsta heimilið, Þjóðarbrú Íslands. Til að tengja efnið betur við umhverfið sem krakkarnir hrærast í dags daglega, voru samlíkingar notaðar, líkt og að fjöldi þeirra sem vinna við skapandi greinar á Íslandi samkvæmt tölum Hagstofunnar, sé sá sami og ef allir Akureyringar myndu vinna við menningu og skapandi greinar. Þá var rætt hvernig Skapandi hugsun er talin

gríðarlega verðmætur kostur í dag í tengslum við atvinnu og nýsköpun. Í framhaldi af því var farið yfir í aðrar skilgreiningar á gagnsemi menningar og skapandi greina í tengslum við uppbyggingu samfélaga. Til dæmis hvernig niðurstöður íbúakannana benda til þess að þeir sem eru ánægðari með menningu í sínu samfélagi séu marktækt hamingjusamari en aðrir íbúar og að sterka fylgni megi finna á milli þess að þeir (rekstraraðilar og fyrirtæki) sem byggja afkomu sína á menningu og listum, séu meira í nýsköpun en aðrir í rekstri. Hvernig menning og aðrar skapandi greinar geta verið aflvaki og drifkraftur fyrir jákvæða samfélagsþróun landsbyggðanna. Þessi liður endaði á „út fyrir kassann“ æfingu í gegnum hreyfingu og tónlistarhlustun.

7. **Skapandi stoðir og nágrannar.** Á rafrænum undirbúningsfundi með fulltrúum ungmenna völdu þátttakendur þær undirgreinar menningar og skapandi greina sem þau vildu helst fræðast



meira um. Þær greinar sem skoruðu hæst voru tónlist, viðburðaruppsetning, myndlist og kvikmyndir. Þessi liður fólst því í að ræða við ungmennin um hvernig tónlist getur haft áhrif á líðan okkar og stemningu og um fjölbreytt störf tónlistarfólks. Einnig var tæpt á störfum án staðsetningar og þeim sagt frá hljóðverum á svæðinu og verkefnum sem þau geta skapað fyrir samfélagið og heiminn. Sem dæmi um verkefni sem voru rædd eru upptökur fyrir

Netflix og Disney í Hofi, kóraupptökuver í Aðaldal, leynistaðnum í Fljóttum, hlaðvarps upptökuver um allt svæðið, Storytel og fleira.

8. Síðasti liðurinn undir **Skapandi stoðir og nágrannar** snéri að menningu, mennsku og hvaða störf tengd menningu ungmennin upplifa **að séu til staðar í þeirra eigin samfélagi**. Liðnum lauk á verkefnum þar sem þau skrðu niður eina hugmynd á hvern post-it miða. Hvert ungmenni mátti skrifa marga, en hugmyndin átti að snúa að því **sem þeim þætti spennandi að hafa aðgengi að í tengslum við menningu og skapandi greinar í sínu sveitarfélagi**. Hvaða tækifæri þau myndu vilja sjá verða að veruleika á næstu árum í sinni heimabyggð, eitthvað sem myndi styðja þá ákvörðun **að búa þar áfram sem fullorðið fólk**. Þeirra ávarp. Hugmyndin mátti vera um eitthvað sem væri í boði í öðrum landshlutum, öðrum sveitarfélögum eða eitthvað alveg nýtt. Þessi stikkorð voru notuð í verkefni seinni dagsins.



Dæmi um hugmyndir, sjá nánari lista í viðauka 1:

Bæjarhátíðir, björgunarsveitarnámskeið, menningardagar, tónlistarhátíðir, draugahús, hestasvæði, ungmennaball með öllu Norðurlandi eystra, sirkus námskeið, hátíð ungmenna, fleiri skólaferðalög, meiri félagsstarf á milli skóla, uppistandsnámskeið, námskeið til að leysa ofbeldis vandamál, leiklistarnámskeið fyrir allan aldur saman, söngnámskeið, *læra að elska* námskeið, hlaðvarps námskeið, vatnsmálningar námskeið, tæknileg námskeið, kvikmyndargerðarnámskeið, dansnámskeið fyrir stráka, siglinganámskeið, og viðburði í félagsheimilin.

9. Eftir kaffipásu fengu ungmenni að velja milli þess að eiga frjálstan tíma, fara í sund eða stund í íþróttahúsinu. Einnig átti að vera í boði gönguferð til að skoða tókustaðinn og stærsta útilistaverk Íslands, Heimskautsgerðið, en vegna veðurs var því frestað um einn dag.

10. **Alþjóðlegur kvikmyndaiðnaður á Íslandi og skapandi viðburðarhald** hét næsti liður og var gestakennarinn Örlygur Hnefill Örlygsson frá Film Húsavík fenginn til að sjá um hann. Örlygur veitti ungmennunum innblástur með því að segja þeim nokkrar sögur úr sinni heimabyggð og sýndi þeim hvernig litlar hugmyndir urðu sumar að stórum hugmyndum eins og Óskarsverðlauna atriði. Jafnframt sagði hann þeim frá krókódílaævintýrinu á Húsavík, fyrsta skíðaskóla í heiminum, geimfaraheimsóknum og fleira. Þá sýndi hann þeim upptökur og leikmuni úr hinum ýmsu alþjóðlegum verkefnum sem voru sprottin úr sögum úr heimabyggð eða tengingum við svæðið. Ungmennin fengu að handfjatla, skoða og taka myndir. Þegar hér var komið við sögu var haldið til pizzaveislu á Hótel Norðurljósum.



11. Eftir kvöldverðinn var haldið áfram með verkefnaliðinn Alþjóðlegur kvikmyndaiðnaður á Íslandi og skapandi viðburðarhald: **Stórkostlegar sögur og eftirminnilegt fólk**. Eftir kynningu og innblástur frá Örlygi voru ungmennin beðin um að vinna með sínu ungmennaráði eða sveitungum sínum að tvíþættu verkefni:



a) Ég ætla að biðja þig að ímynda þér að þú sért að ferðast í útlöndum og hittir hóp fólks sem er forvitið um hvaðan þú kemur. Þau biðja þig að segja sér sögu frá þínum heimabæ. Ef þú gætir bara sagt eina sögu um heimabæinn þinn, hvaða saga væri það?







b) Hver er eftirminnileg persóna úr þínum heimabæ? Ef þú ættir að segja fólki sem þú hefur aldrei hitt áður frá einni persónu úr þinni heimabyggð, hver væri það og af hverju?

Þegar hóparnir höfðu lokið því að fylla saman út í söguvinnublaðið fengu krakkarnir tækifæri til að segja sínar sögur og tók Örlygur þær upp í þeim tilgangi að þau gætu prufað að vera bæði fyrir framan myndavélina og aftan. Í framhaldinu fengu ungmennin að skoða og prófa allan búnaðinn sem Örlygur kom með. Jafnframt kynnti hann fyrir þeim ókeypis verkfæri fyrir kvikmynda-gerðarfólk (sjá viðauka 3). Þegar vinnustofunni var lokið átti að vera varðeldur og draugasögur í fjörinni, en vegna veðurs var þeim lið frestað og fengu ungmennin frjálstan tíma fram að svefni, enda langur dagur að baki.





12. Sóknaráætlun SSNE. Eðli Sóknaráætlunar var kynnt og borið saman við námskrá í grunnskóla, t.d. með tilliti til lokamarkmiða og varða á leiðinni. „Námsgreinarnar“ þrjár, atvinnubrúun og nýsköpun, umhverfismál og menning voru kynntar til leiks. Þá var farið í hvernig markmiðin eru valin, með tilliti til framtíðarsýnar alls fólks í landshlutanum þar sem mikilvægi þess að heyra frá öllum aldursflokkum var undirstrikað. Spurningarnar „Hvernig samfélag viljum við byggja upp til framtíðar?“ og „Hvernig gerum við Norðurland eystra að besta stað á Íslandi til að búa á?“ voru bornar upp.

13. Menningarhluti Sóknaráætlunar. Tæpt var á verkfærunum *Uppbyggingarsjóði* og *áhersluverkefnum* til að kynna hvernig orð á blaði Sóknaráætlunar verða að einhverju sem fólk í landshlutanum geta búið til og/eða notið.

Markmið	Dæmi um aðgerðir	
Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi	Efla menningartengda ferðabjónustu, sérstaklega utan háannatíma Auka sýnileika og tækifæri ólíkra hópa samfélagsins í menningarstarfi Efla þematengdar hátíðir á svæðinu (fjölmenningarhátíðir, matarhátíðir, handverks hátíðir osfrv.) Taka fjölmenningarstefnu til endurskoðunar og endurritunar Styrkja og festa í sessi samstarf við menningarstofnanir og hátíðir frá öðrum landshlutum	 
Efla samvinnu menningarstofnana og kynningu á menningarstarfi í landshlutanum	Stuðningur við faglegt starf safna á öllu svæðinu Kynna og miðla menningararfleið svæðisins með nýstárlegum hætti Styðja verkefnabundið samstarf ólíkra menningarstofnana Efla Norðurljóðasamstarf á sviði menningar og lista	
Fjölga atvinnutækifærum listafólks á svæðinu	Koma á fót innlendum og erlendum samstarfsverkefnum með þátttöku aðila í landshlutanum Styðja við verkefni sem fela í sér nýjar hugmyndir og leiðir í menningu og listum Skilgreina svæðisbundin hlutverk menningarstofnanna á landsbyggðinni	
Styðja við listsköpun	Efla barnamenningu með ólíkum menningarviðburðum fyrir börn og ungmenni Efla samstarf framhaldsskólanema á Norðurlandi eystra Efla grasrótastarf í listum Fjölga listnámskeiðum og listasmiðjum á svæðinu	 

Áhersla þessa verkþáttar var að kynna **raunveruleg verkefni** sem hafa orðið til útfrá markmiðum menningarkafla Sóknaráætlunar. Dæmi um verkefni sem voru kynnt má nefna leikhúsverkefni Umskiptinga, Fiðring, Heimskautsgerðið, kvikmyndahátíðina og stuttmyndakeppnina Northern Lights- Fantastic Film Festival, Frjó listahátíð á Siglufirði, tónleikaraðir o.fl. Útfrá þessari kynningu unnu ungmennin **þankahríðarverkefni** í hópum. Verkefninu lauk með því að einblína á fjórða markmið kafans og skrá niður hugmyndir að annars vegar menningarviðburðum fyrir ungmenni og hins vegar hugmyndir að listnámskeiðum og listasmiðjum sem þau hefðu áhuga á að sækja.

Styðja við listsköpun	Efla barnamenningu með ólíkum menningarviðburðum fyrir börn og ungmenni Efla samstarf framhaldsskólanema á Norðurlandi eystra Efla grasrótastarf í listum Fjölga listnámskeiðum og listasmiðjum á svæðinu	 
-----------------------	--	---

14. Undirbúningur Sóknaráætlunar NE 2025-2029 – Langanir og hugmyndaflæði, vondar hugmyndir og góðar. Eftir kynningu á því hvernig markmið Sóknaráætlunar stuðli að ákveðnum verkefnum, var tækifærið til þess að láta rödd sína heyrast, undirstrikað. Samráðsvettvangurinn var kynntur til leiks og minnt á möguleikana til að láta hugmyndir sínar í ljós í gegnum ungmennaráð sveitarfélaga og ungmennanæging SSNE. Til að tengja umfjöllunarefnið við raddir ungmenna var eftirfarandi spurningum varpað upp í tengslum við núverandi markmið menningarhluta Sóknaráætlunar:

Hvaða markmiðum langar þig að breyta?
Hvaða markmiðum langar þig til að halda?
Langar þig að efla einhverja aðra þætti?
Hvernig myndir þú forgangsraða?

→ *ATH! Hvað hefði betur mátt fara hér:* Í umræðum við fulltrúa sveitarfélagana kom fram að gott hefði verið að undirbúa þá fyrirfram til að aðstoða við umræður í hópunum um ný markmið.

15. Leikjauppbrot og kaffitími.

16. Bæjarbragur og menning: HópaVinna út frá vinnustofu Örylgs. Verklíðurinn hófst á innblæstri um það hvernig skapandi störf eru partur af menningu hvers bæjar og hvernig litlar sögur geta orðið að risa atvinnutækifærum í listum og menningu. Hvernig sögur sem ekki hefur verið unnið með, bíða eins og rykfallnar bækur eftir því að verða opnaðar aftur. Farið var yfir hugmyndir ungmenna frá því deginum áður „Stórkostlegar sögur – falin ævintýri í heimabyggð“ og hvernig þær gætu orðið að myndlistarverkum, stuttmyndum, samfélagsmiðlasögum eða tónlistarverkum.

Dæmi út frá hugmyndavinnu ungmenna:

- Ræningjaholan og göngin að flugvellinum
- Dularfulli steinninn í Eyjafirði
- Fiskidagurinn sem týndi fiskinum
- Fjögurra hreyfla sprengjuvél
- Gummi tyggjó – góður karl
- Ísbjörn á ferð í Þistilfirði – réttur maður með rangt leyfi
- N1 sjoppa sem brann 2 sinnum og heitir núna Enn einn skálinn
- 7 ára rjúpnaskyttan sem bjargaði jólnum
- Skáldið sem samdi alla strumpatextana
- Göngin sem enginn vildi en öll elska
- Þjóðverjar vörpuðu sprengju á Höskuldarnes
- Jóel síkátí í Húsasmiðjunni
- Samfélagsmiðlastjarnan sem gaf sólgleraugun sín
- Að lifa lífinu og gera það sem maður elskar til loka dags
- Gústi sem sagði ljóð fyrir gistingu
- Seiðkonan Sigga sólarljós
- Jóhann Svarfdælingur sem varð að vinna í sirkus því svo einstakur
- Presthylur
- Lýsandinn sem öll elska
- Lewis Hamilton lenti á þyrlu á túninu í sveitinni

- 17. Bæjarbragur og menning – nágrannar.** Seinna verkefni þessa liðar var að merkja inn á kortið hvað gerir hvert samfélag einstakt í dag og hvaða hugmyndum væri hægt að bæta við. Samanber síldina á Siglufirði, tröllin á Ólafsfirði, rúgbrauðsbakstur í Mývatnssveit, hvalaskoðun á Húsavík o.s.frv.



- 18. Bæjarbragur og menning – draumamarkmið.** Í þessum lið ræddu ungmennin saman í hópum um hvað þau myndu vilja hafa í sínu samfélagi til að búa þar áfram. Úrvinnsla hópavinnu fór bæði fram skriflega og í gegnum Menti. Skilaboðin frá þeim til stjórnar SSNE og til starfsfólks SSNE sem undirbýr og skipuleggur samráð fyrir gerð nýrrar Sóknaráætlunar, má sjá í viðauka eitt.

- 19. Gönguferð að stæra útilistaverki Íslands.** Eitt ungmenni úr hópnum hefur sjálft unnið að gerð Heimskautsgerðisins og sagði frá sinni reynslu varðandi hugmyndafræðina og uppbygginguna. Mjög skemmtilegt innlegg til hópsins.





20. Að gönguferð lokinni var smáforritið MENTI notað til að gefa ungmennunum tækifæri til að svara nafnlaust ýmsum spurningum frá umræðum beggja daga. Í framhaldi af þeirri yfirferð var hádegismatur.

21. Að hádegismat loknum hittist hópurinn aftur saman í salnum, þá fór fram endurgjöf ungmenna á þingið í gegnum Menti. Gísli leiddi uppbrotsleik og að lokum var þinginu formlega slitið.

→ Af þeim 24 sem svöruðu, vilja 22 koma aftur að ári.

Myndir þú vilja koma aftur á Ungmennaping?



→ Þegar spurð hvaða málaflokk þau myndu vilja kynast betur ef ungmennaping yrði endurtekið að ári og þau fengju að mæta aftur, svöruðu sjö *atvinnubrúun og nýsköpun* en önnur sjö *umhverfismál* og fimm höfðu áhuga á því að *bæta við* málaflokki.

→ Tillögur frá ungmennunum að aukaflokkum sem ekki féllu undir fyrstu þrjá eru:

- **Minnihlutahópar**
- **Heilbrigði**
- **Að vera hinsegin**
- **Andleg heilsa ungmenna**
- **Jafnrétti**
- **Eldri borgarar**
- **Farsæld barna**
- **Samgöngur**

→ Þegar spurð um hvað hefði mátt vera öðruvísi í skipulagningu þingsins er ljóst að kvöldvaka er ómissandi. Þau vilja fá að sofa út einu sinni og þeim finnst afar gott tilefni til þess að hafa þingið lengra.

Hvað hefði mátt vera öðruvísi?
41 responses



22. Aukaefni sem ekki var notað þar sem ekki gafst tími til: Kynning á Snorraverkefninu og Nordjobb út frá menningu og listum.

Lærdómur

Unnið var með efni þingsins í gegnum leiki, kynningar, innblástur, umræður, skrifleg verkefni, upptökur og með forritinu Menti. Í gegnum Menti er hægt að vinna nafnlaust og þykir mörgum auðveldara að tjá sig á þann hátt, auk þess sem gott er að safna tölulegum niðurstöðum í gegnum Menti. Á sama tíma má segja að meiri svörun og mikilvægar umræður hafi komið í gegnum leikina og verkefnin. Það er því gott að hafa blöndu af þessu öllu. Ungmennin tóku flest öll virkan þátt báða dagana og reyndist endurgjöfin frá þeim góð. Þau vildu nánast öll koma aftur á ungmennaping ef það væri í boði, þau vildu að þingið yrði lengra og almennt töluðu þau mikið um að þau langaði að hittast oftar.

Í umræðum starfsfólks kom einnig fram vilji til þess að hafa þingið einum degi lengra svo hægt væri að koma að sameiginlegri vinnustund þeirra á milli.

Jafnframt kom fram áhugi starfsfólks sveitarfélaga á að útdeila ákveðnum hlutverkum til þeirra, hvað varðar að halda kynningar, standa fyrir leikjum og veita innblástur. Þá kom einnig til tals mikilvægi þess að þeir fulltrúar sem munu fylgja ungmennunum á þingið hittist í það minnsta einu sinni á undirbúningsfundum (sveitarfélögin höfðu val um hverja þau sendu á undirbúningsfundina), þar sem starfsfólk SSNE myndi undirbúa þau fyrir umræður um markmið Sóknaráætlunar.

Það var samdóma álit starfsfólks sem að viðburðinum kom að svona vettvangur sé til gagns fyrir ungmennin, sem og fyrir starfsfólk til að fá fram skoðanir og hugmyndir ungmenna til framþróunar verkefna. Starfsmönnum þykir einnig gott að hittast og bera saman bækur sínar á viðburði sem þessum. Þátttakendur voru ánægðir með aðstöðu og mat á Raufarhöfn. Þeim fannst gaman að hitta aðra og heilt yfir var ánægja með þingið.

Aldursbilið á Ungmennapingi 2023 var **13 - 19 ára** líkt og árið áður. Ekki er samræmi í aldersbili milli sveitarfélaga í ungmennaráðum og oft eru þau allt upp í 25 ára. Ákveðið var þó að halda sig við þetta aldersbil og lagt er til að halda því svipuðu eða þá færa það upp, en ekki teygja á aldersbilinu.

Kostnaður

Styrkurinn frá SSNE var 1.600.000 kr. og kostaði viðburðurinn Ungmennaping samtals 1.379.324 kr. Ekki þurfti að greiða gistingu og mat fyrir hópinn sem komst ekki. Eins voru verkefnisstjórnar SSNE tveir en ekki þrír eins og upphaflega var gert ráð fyrir, og þar af gisti annar þeirra á eigin heimili. Norðurþing

baud fram aðstöðu í Félagsheimilinu Hnitbjörgum og bauð einnig öllum í sund/íþróttahúsið. Því er kostnaður undir áætlun.

- Gistikostnaður, morgunmat, hádegismatur og kvöldmat: 874.000 kr.
- Snarl og millimál: 70.324 kr.
- Fyrirlesarar, námskeið, hönnun og undirbúningur: 435.000 kr.

Gist var á Hótel Norðurljósum, í gistiheimilinu Hreiðrinu og í einni íbúð á vegum Hótel Norðurljósa. Hótel Norðurljós sá um allan mat, þ.e. hádegismat báða dagana, kvöldverð og morgunmat. Snarl og millimál voru ávextir og djús sem og hið margrómaða Siglógóss úr bakaríinu á Siglufirði.

SSNE sá um að taka á móti reikningum og greiða þar sem styrkurinn var í gegnum áherslufé.

Næsta þing

Ekki er lagt til að búa til ungmennaráð SSNE, heldur nýta þann farveg sem hefur myndast með ungmennaðinginu til að fá fram hugmyndir ungmenna og endurgjöf.

Mikilvægt er að fylgja eftir því sem áunnist hefur með Ungmennadringunum. Gott væri að festa fjármagn árlega í gegnum áhersluverkefni til að fyrirsjáanleiki verði meiri og betri. Lagt er upp með að SSNE haldi áfram utan um þingin og stýri reglubundnum mánaðarlegum (eða eftir þörfum) skipulagsfundum sveitarfélaganna. Hlutverk verkefnastjóra SSNE væri að fylgja þessum fundum eftir, móta dagskrána og hýsa öll skjöl og samtöl inn á sameiginlegri Teams rás. Lagt er til að **fulltrúi úr hverju ungmennaráði sitji tvo undirbúningsfundi** (og þá ekki fulltrúar sveitarfélaganna), þar sem annars vegar yrði þema ákveðið og hins vegar nánari dagskrá eða útfærsla. Jafnframt er lagt til að það starfsfólk sem muni fylgja ungmennaráðinu, **sitji í það minnsta allt einn og sama undirbúningsfundinn, helst að lágmarki tvo** (og þá ekki aðrir fulltrúar sveitarfélaganna nema þeir kjósi svo). **Á þeim fundum yrði annars vegar hlutverkum og dagskrárlíðum skipt niður á sveitarfélög að sjá um, og hins vegar fræðsla um markmið Sóknaráætlunar til að auðvelda hópastarf með ungmennum á þinginu.**

Mikilvægt er að ræða við ungmennin hver starfsemi SSNE er, hvert þeirra hlutverk er á þinginu og hvernig þeirra skilaboðum verði komið á framfæri. Að á þinginu sé hlutverk starfsfólks að fræða þau, móta jarðveg fyrir hugmyndir en að það sé þeirra að sá hugmyndafræjum. Starfsfólkið sjái um byrinn í þeirra segl.

Heilt yfir er mikilvægt að útfæra vinnu og þátttöku ungmenna með þeim hætti að skilaboð frá þeim berist til stjórnar og viðeigandi starfsfólks SSNE og sveitarfélaganna. Mikilvægt er að rödd og hlutverk ungmennanna sé tekið alvarlega og unnið sé áfram með þeirra hugmyndir og verkefni. Það er því eðlilegt að horfa til þess að þau séu með í mótun á næsta þingi.

Fyrir næsta þing væri áhugavert að taka sérstaklega fyrir á undirbúningsfundi hvernig val á fulltrúum ungmenna geti farið fram og upplýsingagjöf til þeirra ungmenna sem sýna áhuga. Þetta á sérstaklega við þar sem ekki eru starfandi ungmennaráð. Vonandi verða öll sveitarfélög þó komin með starfandi ungmennaráð á næsta ári. Nauðsynlegt er að ungmennin viti að þarna sé vettvangur til að kynnast krökkum frá öðrum sveitarfélögum, að þátttöku þeirra í verkefnum sé óskað, að forvitni sé af hinu góða og að þeirra skilaboð skipti máli. Ungmenni eru hreyfiafi í samfélagsbreytingum. Að skoðun hvers og eins skipti máli en jafnframt virðing fyrir skoðunum annarra.

Bæði starfsfólk sveitarfélaga og ungmennin töluðu um hvort möguleiki væri á að hafa þingið lengra. Ungmennin lögðu það til svo meiri tími gæfist í tengslamyndun og skipulagðar samverustundir eins og kvöldvöku. Þau listu því mörg hvernig þau væru rétt að ná að kynnast þegar sólarhringurinn væri búinn

(þingið hófst á hádegi og lauk á hádegi). Það sama má segja með starfsfólk sveitarfélagana, þ.e.a.s. það talaði um hvað þessi tengslamyndun skipti miklu máli þeirra á milli og að gott væri fyrir næsta þing að gera ráð fyrir samvinnutíma starfsfólks þar sem það færi yfir sínar áskoranir og tækifæri sem í mörgum tilfellum væru svipuð og því hægt að sækja stuðning sín á milli. Tillögur að viðfangsefnum slíks fundar voru t.d. *hugmyndabanki fyrir tómstundarfulltrúa, samtal ungmennaráða við sveitastjórnir, að stofna og viðhalda ungmennaráðum, móta samstarf á milli ungmennaráða, sameiginleg umsókn í uppbyggingarsjóð, umsóknir í æskulýðssjóði o.fl.*

Viðauki eitt – erindi til stjórnar SSNE og undirbúningshóps næstu Sóknaráætlunar.

Í þessum kafla er búið að draga saman hugmyndir og niðurstöður frá ungmennum á þinginu 2023 til handa stjórn SSNE að fjalla um og undirbúningshóps næstu Sóknaráætlunar. Gögn frá báðum dögum voru notuð til að mynda erindið. Menning og samvera bæði barna og foreldra í kringum íþróttastarf var mikið rædd og ljóst að flestir þátttakendur æfa íþróttir og stundum er það nánast eini skipulagði möguleikinn til samveru utan skólastarfs í núverandi samfélagi sem þau búa í. Þau gátu oft ekki æft þá íþrótt sem fangaði þeirra áhugasvið helst. Vegna þessa, er íþróttagreinaupptalning hluti af bæði aðstöðu og námskeiða hugmyndum. Upplýsingar komu ýmist fram í gegnum skrifleg verkefni, umræður, Menti forritið og/eða leiki. Kaflinn var skrifaður eftir að þingi lauk, en yfirfarinn og samþykktur af starfsfólki sveitarfélaganna sem fylgdi ungmennunum. Óskað er eftir því að ungmennaráðin fá tilkynningu senda þegar þeirra erindi hefur verið tekið fyrir af stjórn SSNE.

Hér er listi yfir hvaða tækifæri þau myndu vilja sjá verða að veruleika á næstu árum í sinni heimabyggð, eitthvað sem myndi styðja þeirra ákvörðun um **að búa þar áfram sem fullorðið fólk**. Þetta eru skilaboð frá ungmennum sem hægt er að nýta til að móta markmið, sem stuðla að því að umsóknir í uppbyggingarsjóð eða tillögur að áhersluverkefnum skili sér í aðgerðum í takt við hugmyndir ungmenna að búsetuvali.

Aðgengi að menntun í heimabyggð: Grunnskóli, tónlistarskóli.

Aðgengi að fjölbreyttri list: Málverk, bækur, ljósmyndir, dans, kvikmyndir, textíll, kór, tónlist, söngleikir, myndlist, leiklist, skíðastökk, ópera, kirkjukór, ljóð, graff á húsum.

Staðir þar sem hægt er að hittast, sem byggjast jafnvel á staðarmenningu sem þyrfti að upphelja: Sjoppa/búð, reiðhöll/hestasvæði, sundlaug, líkamsræktarstöð, skíðasvæði, félagsmiðstöð, fótboltavöllur, íþróttahús, skautasvell, kaffihús/veitingastaður, bókasafn, hjólastígar, menningarhús, bakarí, folf völlur, nammibar, gönguskíðabraut og -hús, parkour aðstaða, keilubraut, sjósundaðstaða, gokart braut, golfvöllur, verslanir, sparkvöllur, ísbúð.

Aðgengismál til að geta notið í öðrum bæjarfélögum ef ekki til staðar í búsetusamfélagi: Strætó, hjólastígar.

Aðgengi að viðburðum, fleiri tilefni til samveru: Jólatónleikar, danssýningar, kvikmyndasýningar, bæjarhátíðir, klúbbar, Fortnite hátíð, karíókí kvöld, skólaferðir, söngvakeppni, snjóboltastríð, menningarnótt, menningardagar, böll, íþróttamót, tónlistarhátíðir, Tónkvíslin, leiksýningar, árshátíðir, spilakvöld, danskvöld, þorablót, spotify grúsk, Samfés, viðburði í félagsheimilin, samkomur á sumardegnum fyrsta, meira félagsstarf milli skóla, ball með öllum ungmennum á

Norðurlandi eystra, fleiri skólaferðalög, draugahús, smásagnasamkeppni, sjómannadagshátíð, hrekkjavökuúthátíð, 90'ball, gömlu dansarnir, götuleikhús, tívolí, fræðsluviðburðir, hátíð ungmenna, barnvænni tónleika.


Aðgengi að listnámskeiðum og/eða -smiðjum: Námskeið til að leysa ofbeldis vandamál, saumaklúbbur, kór, grafík í tölvuleikjum eins og fornite, uppistandsnámskeið, fornite dansnámskeið, prentunarnámskeið, upptökunámskeið, björgunarsveit ungmenna, matreiðslunámskeið, skautanámskeið, blaknámskeið, skartgripagerð, körfuboltanámskeið, að semja bók, myndlistarnámskeið, ljósmyndanámskeið, trampólínklúbb, rugby klúbb, að búa til harðfisk námskeið (menningararfleið og matarhefð), leiklistarnámskeið, leiklistarnámskeið fyrir allan aldur saman, umhverfismál, stjórnálaskóli, brettanámskeið, boccia námskeið, píanónámskeið, hljómsveitarnámskeið, tölvuleikjanámskeið, leikritagerð, veiðinámskeið, handboltanámskeið, hvernig á að sjá um dýr í sveit (t.d. kindur), lagasmíðar, leirpottagerð, golfnámskeið, gönguskíðanámskeið, hljóðvarpsnámskeið, siglingarnámskeið, parkour námskeið, tækninámskeið, dansnámskeið fyrir stráka, karate námskeið, tæknilegónámskeið, vatnsmálningar námskeið, uppistandsnámskeið, sjósundsnámskeið, barnapíunámskeið, skyndihjálparnámskeið, júdó námskeið, sirkusnámskeið, smíðanámskeið, ljóðaskrif, leirlistanámskeið, bogfiminámskeið, hafnarboltanámskeið, að læra að haga sér, kvikmyndagerðarnámskeið, söngnámskeið, að læra að elska námskeið, keilunámskeið

Niðurstaðan, þegar ungmennin voru beðin um að raða núverandi markmiðum menningarhluta í röð eftir mikilvægi, var á þá leið að það að *tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi* var mikilvægasta markmiðið að þeirra mati.



Þegar útskýrt var fyrir ungmenum að hægt væri að nota sömu markmiðin áfram eða breyta, voru niðurstöður á þá leið að 61% kusu að halda áfram með sömu markmið og vinna áfram að settu marki. Jafnframt voru 25% áhugasöm um að koma með tillögur að nýjum markmiðum og 14% vildu blanda saman nýjum og eldri markmiðum.

Það er aðeins eitt ár eftir að núverandi Sóknaráætlun sem þýðir aðeins eitt ár af markmiðunum sem núna eru í boði



Hér hefði verið gott að vera með valmöguleikann að búa til ný markmið, en ekki endilega af ungmennunum sjálfum.

Hvaða markmið myndirðu helst vilja halda inni?

Meiri hluti hópsins taldi mikilvægast að halda inni markmiðinu um að „Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi.“

Farið var yfir núverandi markmið Sóknaráætlunar og kallað eftir hugmyndum að verkefnum sem rímuðu við markmið. Hvatt var til umræðna í hópunum útfrá fjölbreyttum notendahópum þar sem ungmennin höfðu fyrr í dagskránni talað um mikilvægi þess að *tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi*. Spurningar voru búnar til útfrá umræðum og hugmyndum ungmenna á degi eitt.



Umræða í hópunum ykkar - starfsfólk aðstoðar

Markmið	Dæmi um aðgerðir
Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi	Efla menningartengda ferðþjónustu, sérstaklega utan háammatina Auka sýnileika og tækifæri ólíkra hópa samfélagsins í menningararfi Efla þematengdar hátíðir á svæðinu (fjölmenningarhátíðir, matarhátíðir, handverks hátíðir osfrv.) Taka fjölmenningarstefnu til endurskoðunar og endurráttunar Styrkja og festa í sessi samstarf við menningarstofnanir og hátíðir frá öðrum landslutum

- Eruði með hugmynd fyrir menningartengda ferðþjónustu?
- Fyrir útlendinga?
- Fyrir ykkur í fjölskylduferð?
- Fyrir yngri börn?
- Fyrir gamalt fólk

→ *Hugmyndir sem komu fram í tengslum við að efla menningartengda ferðþjónustu voru:*

Að nýta meira sýndarveruleika, setja upp draugahús, bjóða upp á skipulagðar gönguferðir, koma á legg fleiri almenningsgöðum, leggja meiri áherslu á einstakan mat.

Jafnframt var dæmi tvö um aðgerð undir markmiðinu að „Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi“ tekið fyrir og ungmennin beðin um að skrá hugmyndir sínar um það hvernig væri hægt að auka sýnileika og tækifæri ólíkra hópa samfélagsins í menningararfi.

Skráð hugmyndir niður sem passa við „Að auka sýnileika og tækifæri ólíkra hópa samfélagsins í menningarstarfi“


66 responses



Út frá áhuga og umræðum hópsins var spurning um flóttafólk lögð fram, þ.e.a.s. hvaða markmið gætu verið góð inn í Sóknaráætlun fyrir fólk af ólíkum uppruna, t.d. flóttafólk. Sumar spurningar voru skrifaðar inn á staðnum til að grípa umræðuna og setningar ekki heilsteyptar í öllum tilvikum.

Hvaða markmið væru góð fólk af öðrum uppruna, t.d. flóttafólk?

37 responses



→ Segja má að íslenskukennsla hafi verið þeirra aðal svar. Tölvuleikurinn Fortnite kom oft upp í svörum, bæði sem grín en einnig var rætt að það gæti verið sniðug leið til að læra í gegnum áhugasvið eins og tölvuleik og búa þannig til félagskap og vináttu.

Skráðið niður allar verkefnahugmyndir sem ykkur dettur í hug fyrir markmiðið „Að styðja við listsköpun“

67 responses




Þar sem ungmennunum varð oft á orði að vilja hittast oftar, fengu þau spurninguna hvernig menningarverkefni gætu komið á meira samstarfi milli grunnskóla og/eða framhaldsskóla á svæðinu. Svörin voru eftirfarandi og gefa til kynna að þetta þurfi ekki endilega að vera svo flókið.

Þau leggja til fleiri hópverkefni þar sem er samstarf milli skóla, halda sameiginleg böll, vera með tölvuleikjaverkefni þar sem er spilað saman milli skóla, halda grunnskólaþing, hittast í skólaferðalögum, skoða skóla hvers annars, halda áfram ungmennapíng o.fl.

Viðauki 2 Niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólks sveitarfélaga


Hversu ánægð/ur varstu með ungmennapingið 2023?

6 responses




Telur þú að þátttakendur hafi fundist gaman á þinginu?

6 responses



Hvernig fannst þér skipulag og fyrirkomulag ungmennapings?

6 responses



Ef þú svaraðir ekki gott eða slæmt hvað var ábótavant?


- *Mjög gott*
- *Fannst lítið ábótavant. Hefði viljað sjá aðeins lengri tíma varið í að koma á tengingum á milli mismunandi hópa/staða. Krakkarnir héldu ansi þétt í "sinn" heimahóp í byrjun.*
- *Þetta var frábært ungmennaping. Það var mjög gott mátti vera meiri frítími.*

Hvað gekk vel á þinginu og hvað hefði mátt betur fara?

- Dagskráin og vinnustofan voru til stakrar fyrirmyndar. Ungmennin vildu að kvöldvöku yrði komið að í einhverri mynd að dagskrá lokinni. Gæti þurft að leggja upp með að gista 2 nætur svo það gengi upp.
- Kemur fram í öðrum svörum
- Skipulag var gott og ég tel að öll hafi notið sín vel. Verkefni voru flott og sérstaklega innkoma Örlygs, held að hann hafi náð vel til ungmennanna og frábært að hafa leikmunina, myndavélarnar og allt það fyrir ungmennin að skoða og prófa. Allt svona verklegt fyrir ungmennin er svo mikilvægt. Hugmyndir um að gista tvær nætur eða snúa fyrirkomulaginu þannig að fyrri dagurinn væri styttri og seinni dagurinn lengri er eitthvað sem ég tel að mætti skoða. Þá í því samhengi að það tekur ungmennin alltaf smá tíma að koma út úr skelinni og fara að kynnast. Þá væri held ég betra ef öll gætu gist á sama staðnum, í stað þess að vera dreifð á þrjá staði eins og núna. Auðvitað er það misjafnt eftir staðsetningu, geri mér grein fyrir því að á minni stöðunum er það erfitt eða ógjörningur :) Aðkoma umsjónarmanna hefði mátt vera skýrari fyrir fram, hvar og hvenær við áttum að taka þátt, bara upp á undirbúning fyrir þingið. Ef þemað er eitthvað sem maður sjálfur er ekki sterkur í þá er gott að geta aðeins undirbúið sig svo maður eigi auðveldara með að aðstoða ungmennin. Þetta kannski hljómar neikvætt en upplifun mín af þinginu var það alls ekki, bara smá punktar sem vert væri að skoða.
- Gaman hvað ungm gekk almennt vel, spurning hvort þingið mætti vera yfir 2 nætur. Finnst krakkarnir oft vera ná saman þegar þinginu er að ljúka ;)
- Allt gekk mjög vel, allir þættir áhugaverðir. Dagskrá var frekar stíf og hefði mátt vera meiri samveru/frítími. Spurning um að lengja þetta um eina nótt.

Telur þú að þekking og reynsla frá ungmennanþinginu muni koma sér vel fyrir þátttakendur?

6 responses



Hvar telur þú bestu staðsetninguna fyrir næsta ungmennanþing?


- Akureyri
- Meira miðsvæðis - Húsavík/Akureyri
- Húsavík
- Væri gaman að vera einhverstaðar í kringum Mývatnssveit, nokkurn veginn miðpunktur líka
- Svalbarðsströnd, Hrafnagil, Hörgárbyggð
- Skiptir ekki öllu máli. Vissulega gott að hafa þetta miðsvæðis þá er lágmarks ferðalag á alla samt sanngjarnt að færa þetta á milli staða.

Hvaða áherslur viltu sjá á ungmennapínginu á næsta ári?

- Er persónulega hrifinn af þeirri línu sem þetta hefur verið á síðstu tvö þing. Ef er til annar snúningur á menningu, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi þá tel ég að slíkt eigi ríkt erindi við þessa kynslóð
- Réttindi, ábyrgð og skyldur - Börn/unglingar/fullorðnir
- Unnið með sjálfsstyrkingu og andlega heilsu út frá ýmsum sjónarhornum
- Forvarnir ungfólksins, sjálfbærni (fræða ungmennin um hvað sjálfbærni er og mikilvægi), samgöngur, málefni félagsmiðstöðva
- Ekki viss en væri kannski sniðugt að sýna fram á í upphafi verkefnavinnu hvað verkefni ungmennaráð hafa fengið áorkað eða náð í gegn.
- Finnst að vinna ætti áfram með að að kynna fyrir þeim svæðið sjálf. Alveg frábært verkefnið þar sem þau settu niður staði og sveitarfélög á kort (ekki síður gott fyrir starfsfólkið). Þá að leggja áherslu á sérstöðu á þeim stað sem við erum að halda þetta.

Telur þú að það væri gagnlegt að taka frá tíma á þinginu fyrir starfsfólk að vinna saman og fara yfir málefni sem eru á þeirra könnu í hverju sveitarfélagi (sú hugmynd kom upp á þingi ársins).

5 responses



Á þinginu í ár kom upp sú hugmynd að þingið yrði jafnvel tvær nætur, eða þá að byrja fyrri daginn síðar. Getur þú komið með útfærslu á þeirri hugmynd sem þú telur góða?

- Dreifa dagskránni yfir 3 daga. Byrja dagskrá seinnipart/kvöld, dagskrá og kvöldvaka, niðurstöður að morgni 3ja dags.
- Byrja fyrri daginn í kringum miðjan dag. Leggja meiri áherslu á að leyfa ungmennunum að tengjast í byrjun bæði með skipulögðum verkefnum því tengdu og síðan í frjálsum tíma. Var aðeins þannig að þau voru að tengja sig í lok námskeiðsins en þá var lítið orðið eftir af tíma.
- Fyrri dagurinn í ár var heldur langur, sér í lagi þegar tekið er inn í myndina ferðalagið þeirra sem komu lengst að. Ein leið væri að fyrri dagurinn yrði styttri, aðallega í þeim skilningi að skipulögð dagskrá væri styttri og meiri tími og rými fyrir ungmennin til að kynnast betur. Þannig, þegar það eru tengsl byrjuð að myndast, verður hópavinna auðveldari. Ef væri svo einhver kvöldvaka/partý fyrir ungmennin um kvöldið. Það væri svo þá hægt að lengja seinni daginn eitthvað á móti. Hitt væri svo að gista tvær nætur og leggja alveg sérstaka áherslu líka á kvölddagskrá fyrir ungmennin, ekki stífa vinnudagskrá heldur vettvang fyrir þau til að kynnast betur og skemmta sér.

- *Mér lýst mjög vel á að hafa það tvær nætur, þá er nægur tími til þess að fara yfir allt efni dagskrárnar og ekkert stress. Ég fann að það voru margir hálf þreyttir þegar þeir mættu á svæðið á mið og svo voru margir farnir að bíða eftir því að komast heim á fimmtudeginum.*
- *Engin spurning*
- *Hafa svipað magn af vinnu/verkefni en lengja um eina nótt. Mæta um miðjan dag t.d. á miðvikudegi og fara svo heim eftir morgunmat á föstudegi. Nota fyrsta kvöldið í að láta þau kynnast og hafa kvöldvöku/skemmtun (öll vinna eftir að þau hafa náð að kynnast verður auðveldari). Hafa svo góðan vinnudag á degi tvö (samt að leyfa þeim að sofa aðeins) og svo heim eftir morgunmat á degi þriðju. Möguleiki á að hafa eittvað eitt stutt á fyrsta degi og jafnvel eitt stutt áður en haldið er heim á þriðja degi.*

Hvenær á árinu telur þú best að halda ungmennapingið?

- Október/nóvember
- Að hausti - í lok sept, byrjun okt.
- Október
- Fyrir mitt leyti væri best að hafa það snemma í október eða febrúar/mars, þá eru t.d. framhaldskólakrakkarnir ekki alveg að detta inni prófatíð.
- Oft mikið um að vera á vorin svo haustið er ákjósanlegri tími, lok sept ?
- Október
- Varðandi tímasetningu á þinginu sjálfu þá er t.d. þannig hjá okkur að ungmennaráð er skipað í eitt ár í senn og við reynum að skipa þau í upphafi skólaárs. Hjá okkur skipa nefnilega skólarnir sína fulltrúa. Í kjölfarið er tekinn einn fundur að hausti þannig að okkar vegna væri ekki verra ef ungmennapingið væri eftir áramót. – svari var bætt við eftir frá fulltrúa sem ekki var á þessu þingi.

Er eitthvað annað sem þú vilt bæta við ?

- *Skipuleggjendur stóðu sig vel. Náðu ágætlega til krakkanna.*
- *Ekkert sérstakt, væri þó gaman að vera með kvöldvöku og jafnvel að hvert ungmennaráð væri með eitthvað atriði eða leik eða álíka.*
- *Ungmennaping er frábær vettvangur fyrir unga fólk okkar*
- *Áfram gakk svona. Svo væri frábært ef við getum þróað samstarf/hitting starfsmanna enn frekar samhliða þessu. Held t.d að það væri gaman að koma saman einn dag t.d. að vori, bara starfsmenn. Ræða næsta þing að hausti sem og fleiri málefni. Væri alveg til í að taka gistingu eina nótt í kringum svona hitting.*











Viðauki 3 Ókeypis verkfæri fyrir kvikmyndagerðarfólk



UNGMENNAÞING SSNE 2023

ÓKEYPIS VERKFÆRI FYRIR KVIKMYNDAGERÐARFÓLK

ÓKEYPIS KLIPPIFORRIT	
	DaVinci Resolve frá Blackmagic Design Sækja forrit: https://www.blackmagicdesign.com/products/davinciresolve (Útgáfa 18)
ÓKEYPIS TÓNLIST & HLJÓÐ sem má nota án höfundaréttargreiðslu	
	YouTube Audio Library frá YouTube (19.290 ókeypis lög) Ná í tónlist: https://www.youtube.com/audiolibrary (þurfið að vera innskráð á YouTube rás)
	Pixabay.com (45,725 ókeypis lög)
	FreeSound.org (619,343 ókeypis lög & hljóð)
ÓKEYPIS MYNDEFNI sem má nota án höfundaréttargreiðslu	
	Pexels.com (myndbönd/ljósmyndir)
	Pixabay.com (myndbönd/ljósmyndir/tónlist/hljóð)
	FreePik.com (myndbönd/ljósmyndir)
	Unsplash.com (ljósmyndir)

Einnig er oft gagnlegt að leita að efni í gagnagrunni Creative Commons: <https://search.creativecommons.org/>

